

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn þann 17. mars 2025, skorar á Samkaup að hætta allri sölu á tóbaks- og nikotínvörum í samræmi við stefnu Samkaupa um samfélagslega ábyrgð og fara þannig að fordæmi samkeppnisaðilanna Krónunnar og Bónuss. Í ársskýrslu Samkaupa árið 2024 segir: „Samkaup leggja mikla áherslu á heilbrigðan lífsstíl, taka þátt í mörgum heilsuhvetjandi verkefnum, styrkja íþróttastarf og bjóða upp á mikið úrval af heilsuvörum á góðu verði.” Auk þess leggur Samkaup mikla áherslu á að styrkja æskulýðs og forvarnarstarf barna og ungmenna.

Ljóst er að takmörkun á aðgengi tóbaks- og nikotínvara er mikilvæg forvarnaraðgerð og með því að hætta allri sölu á slíkum varningi getur Samkaup enn frekar hvatt til heilsusamlegra lífsvenja og stutt af heilindum við forvarnarstarf barna og ungmenna.